

Mánudaginn 8. janúar 1996.

Nr. 428/1995. **Försäkringsaktiebolaget Skandia Nord**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Gísla Erni Lárussyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Matsgerð. Frestun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1995, en með honum er frestað ákvörðun um kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna, þar til skorið hefur verið úr um kröfu varnaraðila um frávísun málsins. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka þegar í stað ákvörðun um dómkvaðningu matsmanna. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í héraði krefst varnaraðili þess, að málinu verði í heild vísað frá dómi á grundvelli þess, að málatilbúnaður stefnanda fullnægi ekki kröfum réttarfarsreglna. Vísar hann til 80. gr. laga nr. 91/1991 og þá sérstaklega e-liðar 1. mgr. 80. gr., en hann telur framsetningu málsástæðna af hendi sóknaraðila andstæða því ákvæði. Varnaraðili krefst þess einnig, að einstökum kröfum sóknaraðila verði vísað frá héraðsdómi, og styður þær frávísunarkröfur einkum þeim rökum, að sóknaraðili hafi viðurkennt réttmæti gerðardóms þess, sem málið reis af, að sóknaraðili hafi fyrirgert málshöfðunarrétti með tómlæti og að skylt sé að leggja nánar tiltekna kröfur sóknaraðila fyrir gerðardóm.

Matsefnið, sem sóknaraðili óskar eftir, að dómkvaddir menn taki afstöðu til, varðar ekki þau atriði, er frávísunarkrafa varnaraðila

byggist á. Sóknaraðili hefur ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi af öðrum ástæðum hagsmuni af því, að matsmenn verði dómkvaddir, áður en héraðsdómari fellir úrskurð um frávísunarkröfuna. Þegar það er haft í huga og jafnframt litið til þess, að dómara er samkvæmt 100. gr. laga nr. 91/1991 skylt að leysa úr álitaefnum um frávísun, áður en fjallað er frekar um önnur atriði máls, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Försäkringsaktiebolaget Skandia Nord, greiði varnaraðila, Gísli Erni Lárussyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1995.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar vegna héraðsdómsmálsins nr. M-28/1995 þykir óhjákvæmilegt, að skorið verði úr um frávísunarkröfu stefnda, áður en tekin verður ákvörðun um dómkvaðningu matsmanna, enda felur dómurinn í sér, að höfð verði hliðsjón af dómkröfum í málinu við ákvörðun um þau atriði, sem meta skal. Þá er jafnframt litið til þess, að stefndi hefur mótmælt því, að dómkvaðning nái fram að ganga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun um dómkvaðningu matsmanna er frestað, þar til leyst hefur verið úr frávísunarkröfu stefnda.
